

# Skýrsla gæðaráðs veturinn 2016-2017

Valdís Björk Þorsteinsdóttir gæðastjóri  
Alma Oddgeirsdóttir  
Guðjón H. Hauksson  
Jón Már Héðinsson  
Sigurbjörg Níelsdóttir  
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir  
Þorbjörg Þorsteinsdóttir

## Aðdragandi og stofnun gæðaráðs

Veturinn 2015-16 var töluvert um það rætt meðal stjórnenda og í sjálfsmatsnefnd að æskilegt væri að færa gæðastarf skólans í fastara form með því að stofna gæðaráð innan skólans. Haustið 2016 var gæðaráðið stofnað og hafist var handa við ritun gæðahandbókar.

## Hlutverk og markmið gæðaráðs

Hlutverk gæðaráðs Menntaskólans á Akureyri er að fylgja eftir gæðastefnu skólans.

Gæðaráð er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, brautastjórnum, skrifstofustjóra, skólaritara og þjónustustjóra tölvudeildar.

Gæðaráð fundar vikulega samkvæmt boðaðri dagskrá og eru því gæðamálefni í stöðugri umfjöllun innan Menntaskólans á Akureyri.

Í framhaldi gæðaráðsfunda eru verkefni sem ákveðin voru á fundinum og falin í ábyrgð stjórnenda færð á verkefnalista og því tryggt að eftirfylgni sé með framkvæmd. Úrbætur, forvarnir og aðrir þættir gæðamála sem koma upp á fundum gæðaráðs eru því í stöðugri umfjöllun og virk eftirfylgni með framkvæmd.

Með ofangreindum hætti tvinnar Menntaskólinn á Akureyri daglegan rekstur og gæðamál saman í einn heildstæðan rekstur.

## Þessi sitja í gæðaráði 2016-2017

- Formaður eða gæðastjóri: Valdís Björk Þorsteinsdóttir
- Alma Oddgeirsdóttir
- Guðjón H. Hauksson
- Jón Már Héðinsson
- Sigurbjörg Níelsdóttir
- Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
- Þorbjörg Þorsteinsdóttir

## Starf vetrarins 2016-2017

Haldnir voru 28 fundir yfir skólaárið og sátu oftast allir meðlimir fundi, sem voru að jafnaði einu sinni í viku kl. 9 á fimmtudagsmorgnum.

### Gæðahandbók

Lögð voru drög að gæðahandbók fyrir skólann. Gæðaráð ræddi um uppbyggingu handbókarinnar og ákveðið var að málalykill skólans yrði lagður til grundvallar. Ráðið leitaði ráðgjafar hjá Svölu Rún Sigurðardóttur, ráðgjafa í skjala- og gæðamálum. Hún tók nokkra fundi með gæðaráði, suma í gegnum Skype og einnig kom hún og heimsótti skólann.

Tekið var í notkun kerfið EasyQuality frá Advania, en það byggir á SharePoint kerfinu sem þegar er í notkun. Sigvaldi Óskar Jónsson hjá Advania kom og ráðlagði meðlimum gæðaráðs varðandi uppsetningu á skjölum í kerfinu. Eftir ráðgjöf hans voru búin til sniðmát að skjölum og hafist handa við að rita gæðaskjöl.

Við ritun gæðahandbókar var tekið mið af uppsetningu gæðahandbóka hjá MAST, MK og VMA. Valdís sótti einnig örnámskeið um innleiðingu gæðakerfa hjá HA. Töluverður tími fór í að ræða um hvernig best væri að haga þessari vinnu og að átta sig á hugtökum sem notuð eru. Einnig er búið að

teikna upp töluvert marga ferla, en ennþá er í vinnslu að setja þá upp á tölvutæku formi. Áhersla var lögð á verklagsreglu um prófahald og skjöl tengd því og er sú vinna langt komin.

Í nokkrum málum var einnig unnið að því að skýra og breyta ferlum. Sett var upp ferli fyrir skil á námsáætlunum og því er fylgt eftir með markvissari hætti en áður. Einnig var sett upp ferli fyrir gerð álagstaflna í öllum bekkjum og prófað í 1. og 2. bekk. Undirbúningur var unninn fyrir markvissari skil á prófum, yfirlestur á þeim og samræmdri forsiðu.

## Ytra mat á starfi skólans

Menntamálaráðuneytið gerði úttekt á starfi skólans á vorönn 2017.

Skólinn fékk tilkynningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þann 8. desember 2016 að gerð yrði ytri úttekt á skólanum árið 2017 og menntamálastofun yrði falin umsjón með henni. Í bréfinu kom fram að markmið með ytra mati er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um framhaldsskóla, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Í ytra mati skal m.a. lögð áhersla á stjórnun, kennslu, námskröfur, námsmat og samskipti. Einnig skal leggja mat á kerfisbundið innra mat skólans og hvernig það nýtist til umbóta.

Meðfylgjandi tilkynningunni voru sjálfsmatsviðmið sem Menntamálastofnun óskaði að unnið væri eftir og greinargerð skilað vegna ytra mats. Þessari vinnu átti að vera lokið í síðasta lagi 1. febrúar. Í upplýsingum frá matsaðilum kemur fram að matið verði byggt á fyrirbyggjandi gögnum um starfsemi skólans, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana. Óskað var eftir samantekt á ýmsum upplýsingum og gögnum um skólastarfið.

Stjórnendur hittust á nokkrum fundum í desember og janúar og fylltu út þessi sjálfsmatsviðmið og tilgreindu þau gögn sem að lágu að baki. Skrifstofustjóri og skólaritari sáu um að finna gögnin sem þurfti að senda með.

Matsaðilar, Þórir Ólafsson og Védís Grönvold, fengu gögnin í hendur fyrir 1. febrúar. Þau óskuðu síðan eftir því að skólinn aðstoðaði við að finna viðmælendur fyrir eftirfarandi viðtöl og sóttu skólann síðan heim 2. og 3. mars. Þessir viðtalshópar voru tilgreindir:

- Skólameistari, aðstoðarskólameistari og brautarstjórar.
- Tveir 10 manna hópar kennara.
- Tveir 10 manna hópar nemenda.
- Hópur náms- og starfsráðgjafa og þeirra sem sjá um félagsmál nemenda, forvarnastarf og tengd málefni.
- Hópur annarra starfsmanna (hámark 10) sem starfa á bókasafni, við húsvörslu, fjármálastjórn, sem ritarar, í mötuneyti, sem stuðningsfulltrúar eða við hliðstæð störf.
- Stjórn skólafélags MA.
- Formaður skólanefndar MA.
- Stjórn foreldrafélags MA.

Matsaðilar skiluðu drögum að skýrslu til umsagnar 4. maí og fengu skólastjórnendur tækifæri á að gera athugasemdir sem skila þurfti 11. maí. Nokkrar minniháttar athugasemdir eða leiðréttingar voru gerðar. Endanleg skýrsla var síðan send skólanum 31. maí. Hún hefur verið birt á vef skólans, kynnt á kennarafundi, skólanefndarfundi og einnig sagt frá henni á húsþingi alls starfsfólks í september 2017.

Skólinn hefur frest til 15. nóvember til að skila inn áætlun um hvernig brugðist verður við úrbótatillögum í skýrslunni. Þar þarf að koma fram: Matsþáttur; tækifæri til umbóta skv. skýrslu; tillögur skóla að umbótum; ábyrgðaraðili; hvenær hefst; hvenær lokið; hvernig metið.

Næstu skref eru því að fara í gegnum eftirfarandi matsþætti og fylla inn í ofangreinda áætlun:

### Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

- Skýra þarf verkferla betur.
- Tryggja þarf að verkferlum sé fylgt.
- Birt skipurit gæti auðveldað yfirsýn yfir skipulag og tengsl starfa.
- Starfsmannasamtöl fari fram reglubundið.
- Unnið verði úr niðurstöðum sjálfsmats með markvissari hætti.
- Mat á líðan nemenda verði liður í sjálfsmatsáætlun skólans.

### Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

- Skýra verkferla við gerð kennsluáætlana til að auka gæði þeirra.
- Kanna leiðir til að fjölga nemendum í raungreinum.
- Bæta not námsumsjónarkerfis.
- Móta viðbrögð við truflun á vinnufriði í kennslustundum.
- Nýta niðurstöður áfangamats markvisst til að bæta kennslu.
- Gera skýra grein fyrir því hvernig unnið er með niðurstöður sjálfsmats.
- Auka þátttöku nemenda í áfangamati.
- Huga að mati á áhrifum styttingar námstíma á kennslu.
- Bæta skráningu á forföllum kennara.

### Þáttur 3: Samskipti og líðan

- Skoða lengd hléa milli kennslustunda.
- Fylgjast með líðan nemenda frá ýmsum hliðum.
- Leggja mat á áhrif styttingar námsins á líðan og hagi nemenda, m.a. með hliðsjón af álagi, lengd skóladags og þátttöku í tómstundum.
- Auka almenna virkni foreldra og tengsl þeirra við skólann.

### Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

- Huga að tengslum kennara til mótvægis við dreifða vinnuaðstöðu.
- Auka þægindi nemenda í alrými.
- Athugun á viðhorfum og gengi brautskráðra sett í matsáætlun.
- Greina brotthvarf og viðbrögð við því.
- Auka tengsl við aðra framhaldsskóla.
- Taka á ný upp samstarf við SÍMEY og HA.

## Næstu skref

Næstu skref gæðaráðs eru að móta nánari stefnu fyrir næstu ár og gera ítarlegri áætlun fyrir næsta vetur. Gæðaráð tekur við störfum sjálfsmatsnefndar og gera þarf áætlun um það hvernig þau verk verða unnin. Brýnt er að nýta fundi gæðaráðs með markvissari hætti, meðal annars með því að fækka fundum þar sem allur hópurinn fundar saman, en minni teymi vinna að afmörkuðum verkefnum þess á milli. Stjórnendur halda sérstaka fundi til að vinna að gæðamálum, m.a. úrbótatillögum í tengslum við ytra mat.

# Starfsáætlun gæðaráðs

## Veturinn 2017-2018

### September

- Gerð nákvæm áætlun um viðfangsefni vetrarins og starfsrammi til þriggja ára þar á eftir. Uppfært á vef skólans.
- Fara yfir síðustu sjálfsmatsskýrslu og setja mál í ferli.
- Skrifa skýrslu vetrarins 2016-2017.
- Fara yfir námsáætlanir haustannar og fylgja eftir skilum. Búa til sniðmát fyrir námáætlanir sem er inni á svæðum faggreina.
- Byggja upp gæðahandbók (allan veturinn). Setja ferla upp á tölvutækt form og ganga frá skjölum.

### Október

- Fara yfir áfangaskýrslur vetrarins 2016-2017 og taka saman ábendingar, framtíðarsýn og óskir.
- Undirbúa áfangakannanir og ákveða nýtt fyrirkomulag. Ræða á fagstjórafundi.
- Fara yfir skýrslu um ytra mat.
- Fara yfir uppbyggingu gæðahandbókar.
- Fara yfir stöðu skjala í gæðahandbók og halda áfram að vinna að gæðaskjölum.

### Nóvember

- Senda inn tillögur að úrbótum vegna ytra mats.
- Vinnsla gæðaskjala.
- Undirbúningur áfangakannana (fagstjórafundur).
- Koma ferli ábendinga í fast form.

### Desember

- Vinnsla gæðaskjala.
- Prófakafli prufukeyrður.

### Janúar

- Umfjöllun/kynning á umbótatillögum vegna ytra mats á starfsmannafundi

### Febrúar

- Undirbúa Hlýtt á nemendur.
- Prófakafli tilbúinn í gæðahandbók.

### Mars

- Hlýtt á nemendur og vinna úr niðurstöðum.

### Apríl/maí

- Áfangakannanir lagðar fyrir.

### Maí

- Úrvinnsla áfangakannana.

Mái/júní

- Vinna að umbótaáætlun.
- Skrifa skýrslu.

Veturinn 2018-2019

Haustönn

Áfangamat

Vinna við gæðahandbók.

Úrbótatillögur vegna ytra mats (unnið að þeim).

Vorönn

Áfangamat. Foreldrakönnun. Hlýtt á nemendur.

Veturinn 2018-2019

Haustönn

Áfangamat.

Vorönn

Áfangamat. Hlýtt á starfsfólk.

Kynning á gæðahandbók fyrir starfsfólk.

Veturinn 2019-2020

Haustönn

Áfangamat. Hlýtt á nemendur.

Vorönn

Áfangamat.